

1210. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 11. nóvember 2020 í fjarfundi kl. 17:30

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Harpa Sævarsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Arnþór Sigurðsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Friðrik Boði Ólafsson, Friða Thoroddsen, Helga Ingólfssdóttir, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Selma Árnadóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Guðmundsdóttir, Sigmundur Halldórsson, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1209. stjórnarfundar VR lögð fram til samþykktar

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1209. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og verður undirrituð með rafrænum hætti.

2. Kjaramál – staðan

Ragnar Þór sagði frá því að starfsmenn Rio Tinto hafi samþykkt nýjan kjarasamning í atkvæðagreiðslu en þetta er eins árs samningur sem við gerðum með verkalýðsfélaginu Hlíf og gildir hann til eins árs. Yfir 90% samþykktu samninginn.

Áfram er unnið að útistandandi málum í tengslum við Lífskjarasamninginn t.d. var nýlega samþykkt reglugerð um hlutdeildarlánin er varðaði upphæðir og annað því tengt. Þá er áfram unnið með févítin og lífeyrismálin en gengur hægar.

Á vettvangi ASÍ voru samþykktir jólastyrkir og skipulagt það nefndastarf sem framundan er hjá sambandinu ofl.

Stefán lagði nú fram skjalið „Úrræði stjórnvalda vegna COVID-19“ og fór yfir helstu atriði þess á slæðum en um er að ræða nýtingu úrræða stjórnvalda til heimila og fyrirtækja vegna efnahagslegra afleiðinga Covid-19. Málið sé orðið flókið og því hafi þessi samantekt verið gerð til einföldunar. Rakti Stefán fyrst úrræði sem miða að einstaklingum og heimilum s.s. vegna barnabótaauka, ferðagjafar ofl. en þar er beinn kostnaður 6,2 milljarðar króna en heildaráætlun 12,6 milljarðar króna. Þá nefndi hann tilfærslu séreignaspárnannaðar en beinn kostnaður þess eru 20,8 milljarðar króna en áætlun 23,5 milljarðar króna.

Varðandi fyrirtækin svo sem er varðar hlutabætur, laun í uppsagnarfresti, lokunarstyki ofl. þá er þar beinn kostnaður 34,2 milljarðar króna en áætlað 68,2 milljarðar króna. Og þá úrræði svo sem stuðningslán, brúarlán, frestun gjalda og skattgreiðslna sem dæmi að þar

eru tilfærslur eða ábyrgðir uppá 46,5 milljarða króna og áætlun 191 milljarður króna.

Af þessu má sjá að aðgerðir miða fyrst og fremst við fyrirtækin og að þau geti haldið fólki í vinnu.

Ragnar Þór sagði að verið væri að vinna að samantekt um vaxtaálag bankanna. Verður það athyglisvert að sjá. Bankarnir verða að leggja eitthvað á sig eins og aðrir þurfa að gera á þessum erfiðu tímum.

Umræður.

3. Fjárhagsáætlun VR fyrir 2021

Stefán lagði fram skjölin „*Rekstraráætlun VR 2021 samstæða*“, „*Rekstraráætlun VR 2021 skipt á sjóði*“ og „*Rekstraráætlun VR 2021 skýringar drög fyrir stjórn*“ og fór yfir helstu atriði þeirra. Er þetta lagt fram hér til kynningar milli funda og til samþykktar á næsta fundi.

Í máli Stefáns kom það helst fram að lagt var upp með að vera með sem mest óbreyttan rekstur fremur en að fara nú í niðurskurð þótt það sé auðvitað stjórnar að ákveða.

Varðandi rekstrartekjur er áætlað að félagsjöld verið 1,5 milljarðar króna sem er 1,5% hækkun frá 2020 og að rekstrartekjur alls verði 4,4. milljarðar króna sem er um -1% lækkun. Varðandi rekstrargjöld er áætlað 4,6 milljarðar króna og að rekstrartekjur umfram gjöld verði 226.2 milljónir króna.

Fjármagnsliðir, sem þó er alltaf erfit að spá um, eru áætlaðir 448 milljónir króna sem er um 45% lækkun milli ára og að hreinar tekjur til ráðstöfunar verði 221,7 milljón króna.

Stefán rakti svo aðra töluliði og fór síðan yfir helstu forsendur þessarar áætlunar en grunnforsendur hennar eru m.a. þær að félagsmönnum fækki um 1,2% á árinu 2021, að verðbólga verði 2,4% og að meðalávöxtun verðbréfasafns verði 5,4%, raunávöxtun verði 2,0%, og að stöðugildi hjá félaginu verði 63,54 á árinu 2021.

Þá kom fram hjá Stefáni að vegna Covid-19 þá hafi þurft að fresta viðburðum og fundum og vegna þess flyst kostnaður milli áranna 2020 og 2021, t.d. vegna frestunar ASÍ þings ofl.

Varðandi Sjúkrasjóð VR er gert ráð fyrir því að sjúkradagpeningar verði 87% af iðgjaldtekjum og að framlag í VR varasjóð, sem lagt verður fram til samþykktar á aðalfundi VR árið 2021 verði 785 milljónir króna þar af 100 milljónir kr. úr Sjúkrasjóði, 475 milljónir kr. úr Félagssjóði og 210 milljónir kr. úr Orlofssjóði. Þess er vænst að útgreiðsla úr VR varasjóði hækki um 4% frá áætlun 2020 og verði 714 milljónir króna.

Þá rakti Stefán öll helstu verkefni sem áætlað er að ráðast í hjá sviðunum á komandi ári svo sem er varðar viðhald orlofshúsa, auglýsingaherferðir, styrki og ráðstefnur svo eitthvað sé nefnt. Einnig fór hann yfir fjárfestingar og helstu tölur sjóða deildarskipt.

Umræður.

4. Staða á uppbyggingu á lóð VR í Úlfarsárdal

Ragnar Þór sagði að ekki hefði mikið breyst varðandi lóð VR en hann hefur verið í viðræðum við stjórnarmenn í Bjargi og er að vinna þetta með formanni húsnæðisnefndar VR. Þetta er mál sem þarf að fara fyrir fulltrúaráð hjá Bjargi til afgreiðslu.

Erum svo að vinna í því að fá skipulagi lóðarinnar breytt en af þessu komi frekari fréttir síðar.

Umræður.

5. Greiðsluskjól einstaklinga – staðan

Ragnar Þór sagði að verið væri að kynna málið fyrir stjórnvöldum og sérstaklega félags- og barnamálaráðherra og þá hafi einnig verið haldin sérstök kynning fyrir fjármálakerfið, bankana, lífeyrissjóðina ofl. Hafi þetta mælst vel fyrir. Þá hafi verið haldnar smærri kynningar t.d. nýlega fyrir þingflokki Samfylkingarinnar ofl. Guðrún Johnsen starfsmaður VR hefur verið með honum í þessu. Hugmyndinni er alls staðar vel tekið enda má segja að lítið annað sé í gangi fyrir fólk í framfærsluvanda.

Næsta skref er að stjórnvöld ætla að setja á stofn starfshóp sem tekur þetta til umfjöllunar og þess má geta að ASÍ hefur á miðstjórnarfundum samþykkt að taka þetta upp sem formlega stefnu sambandsins. Sagði Ragnar Þór að það myndi skýrast næstu daga hvort stjórnvöldum er alvara með stuðningi við málið en ef ekki förum við fram með hugmyndina og krefjum stjórnvöld svara.

Umræður.

6. Stafrænt hæfnisetur

Stefán lagði fram skjalið „Stafrænt hæfnisetur – minnisblað“, dags. 2. nóvember 2020 og fór yfir efni þessi. Kom m.a. fram í máli Stefáns að um sé að ræða sameignilegt verkefni sem VR, SVP og HR hafa hrint úr vör um að setja á fót stafrænt hæfnisetur. Markmið þess væri að auka vitund einstaklinga um fjórðu iðnbyltinguna og áhrif hennar á störf og vinnumarkaðinn. Þannig myndi það auka samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja og veita

stjórnendum verkfæri til þess að innleiða stafræna tækni og fræða og þjálfa starfsfólk í notkun hennar.

Segja má að þetta verkefni falli mjög vel að stefnu VR um vinnumarkað framtíðarinnar og menntastefnu og áherslum bæði Framtíðar- og Starfsmenntanefndar félagsins. Við viljum auðvitað tryggja félagsmönnum okkar öruggt atvinnuumhverfi í framtíðinni og viljum því hafa áhrif á þróun vinnumarkaðarins þannig að ekki komi til skerðingar á hagsmunum okkar félagsmanna. VR sér tækifæri í breytingum í tækni og viðskiptaumhverfi og lítur þær jákvæðum augum.

Nú þegar hefur mikið starf hafist m.a. hafa VR, SVP og Starfsgreinaráð skrifstofu- og verslunargreina ýtt úr vör hæfnigreiningum á störfum í verslun, þjónustu og á skrifstofu og hægt verður að halda áfram að byggja upp þekkingu með þeirri aðferðafræði sem notuð var við þessar greiningar en bæta þarf við nýjum aðferðum á næstu árum vegna hraðra tæknibreytinga. Gerðar hafa verið ýmsar rannsóknir og kannanir í þessum efnum sem byggt er á.

Fyrirhugað er að ráða verkefnastjóra sem halda mun utan um setrið og munu starfsmenn þeirra aðila sem koma að setrinu eiga stóran þátt í vinnu setursins og skipta milli sín verkefnum. Þá verður mikið lagt uppúr samstarfi við aðila á Norðurlöndunum sem eru að vinna svipaða vinnu og er áætlað að setrið hefji starfsemi í janúar 2021 en búið er að skipuleggja verkefni þess þrjú ár fram í tímann.

Varðandi áætlaðan kostnað að þá er hann áætlaður samtals 267 milljónir króna á þriggja ára tímabili og hafa SVP, VR og HR sent inn til Rannís umsókn um hámarksstyrk, 50 milljónir króna á ári í þrjú ár, en mótframlag umsækjenda verður í formi fjármagns og kostnaðar vegna launa og aðstöðu. Áætlað er að SVP og VR leggi fram 5 milljónir króna hvor á ári í þrjú ár.

Kom fram í máli Stefáns að hann álíti að við fáum mikið fyrir peninginn með því að vera með í þessu verkefni heldur en ef við stæðum utan þess.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp til samþykkis að VR tæki þátt í að stofna Stafrænt hæfnisetur á þeim nótum og með þeim kostnaði sem kynntur var.

Samþykkt samhljóða.

7. Bréf frá Lífeyrissjóði verzlunarmanna vegna samskipta við FME

Stefán lagði fram skjalið „Bréf frá LV varðandi sjálfstæði stjórnarmanna“, dags. 12. október 2020 og fór yfir efni þess en það varðaði tilmæli og fyrirspurn FME til LV varðandi reglur

um sjálfstæði stjórnarmanna.

Stefán sagði þetta mál hafa hafist í fyrrasumar þegar stjórnarmönnum VR var skipt út og þá hafi FME sent dreifibréf um skipan stjórnarmanna þar sem beðið var um breytingar á samþykktum í því ljósi og svo hafi þessi mál aftur borið á góma nú í sumar í kringum ólguna um Ícelandair. Ekkert sé í lögum sem taki á þessum málum og biðja þeir lífeyrissjóðina um að taka á þessu sjálfir fremur en að þurfi að koma til lagabreytinga. Sjóðurinn hafi svarað því til að það sé aðildarfélaganna VR, SA og FA að breyta þessu og því sé þetta hingað komið þar sem þurfi að taka afstöðu til þess hvort breyta eigi reglum um afturköllun á umboði stjórnarmanna. Þetta þurfi að vera hægt og kannski megi setja upp ákveðna framkvæmdaleið um hvernig það sé gert. SA og ASÍ eru að fara að hittast og ræða þetta mál.

Ragnar Þór sagði okkur hafa eigin reglur um þetta og mun leggja þær til sem lausn í málinu á fundi SA og ASÍ á morgun.

Umræður.

8. Bréf frá félagsmanni vegna fyrirkomulags styrkja hjá VR

Ragnar Þór lagði fram skjalið „*Erindi til stjórnar vegna styrkja*“ dags. 1. nóvember 2020 og er það bréf frá Sólveigu A. Skúladóttur, félagsmanni VR vegna fyrirkomulags styrkja hjá VR. Lýsir hún þar óánægju með fyrirkomulag greiðslu styrkja úr Sjúkra- og VR varasjóði samanborið við styrkjaform hjá öðrum stéttarfélögum.

Ragnar Þór sagði að Sólveig beri saman styrkjakerfi okkar og annarra félaga en það sé ekki auðvelt því við séum með annað fyrirkomulag sem sé illa hægt að bera saman. En varðandi það form að allir félagsmenn VR fái endurgreiðslu á hluta iðgjalda fremur en aðeins fáir félagsmenn hjá öðrum félögum þá hafa kannanir okkar sýnt það aftur og aftur að félagsmenn vilji hafa kerfið óbreytt. Auðvitað er þó alltaf þörf á því að endurskoða þessi mál.

Stefán nefndi að þessi umræða væri tekin mjög reglulega á vettvangi stjórnar. Á skrifstofunni heyrum við í þeim óánægðu en meirihluti félagsmanna er ánægður með fyrirkomulagið. Ef við færum aftur í gamla kerfið sem aðrir eru með þá kæmu strax upp óánægjuraddir sem myndu spyrja afhverju þetta eða hitt væri ekki styrkt fremur en fastir fyrirframákveðnir styrkir eins og er hjá öðrum félögum. Með því væru fáir að fá möguleika á háum styrkjum, kannski allt að 100 þúsund krónur sem auðvitað gengi ekki upp að allir fengju og það myndi heldur ekki ganga upp í öðrum félögum.

Umræður.

Fundi er slitið kl. 19:50
Árni Leósson, fundarritari

